





Bensínstöðin á Arnarstapa fannst Spessa sú fallegasta á Íslandi.



Býsna teinréttur tankur þrátt fyrir aldurinn og ryðið...



Það er dálítið útlenskur blær yfir þessari reykvísku bensínstöð við Kringluna. Af myndinni stafar hitabeltismollu undir pálmatrjám ljósastauranna.



Loftbelgdur Íslendingur þenur út kassann, stendur hnarreistur og herðabreiður undir íslensku skýjafari, við íslensk fjöll, gras og vatn.

Bensínstöðvar: portrett af Íslandi

Tugir ljósmynda prýða nú veggi Kjarvalsstaða á sýningu sem opnuð var í vikulok. Hver ein og einasta er af íslenskri bensínstöð...

Fyrir rúmlega tveimur árum fór ljósmyndarinn Spessi að taka skipulegar myndir af íslenskum bensínstöðvum. Fór reglulega í ferðir á ýmsa tanga og nes og tvisvar hringinn, einu sinni að vetri og einu sinni að sumarlagi. Við hittum hann, svefnlausan og syfjaðan, á Kjarvalsstöðum og lá þá beinast við að spyrja: Af hverju í andsk. íslenskar bensínstöðvar?

Landslagið í bensínstöðvunum

„Mér finnst þær fallegar," svaraði Spessi hiklaust. „Þetta er í rauninni portrett af Íslandi. Þetta er eiginlega bara landslag. Landslagsmyndir lýsa landinu en bensínstöðvar lýsa *landslaginu* og *mannfólkinu*. Jafnvel mentalítetinu."

- Finnst þér íslenskar bensínstöðvar sem sagt eitthvað öðruvísi en útlenskar?

„Já. Það væri sjálfsagt hægt að finna svona bensínstöðvar á afskekktum stöðum út í heimi en elstu stöðvarnar hér eru svona 30 ára gamlar og þá eru þær komnar með sinn eiginn karakter. Essó-stöðin kom kannski svona hönnuð, svona máluð en síðan hefur einhver séð um þessa stöð og er þá komin með hans karakter. Bensínstöðvar úti á landi eru líka dálítið hang-out á Íslandi, fólk hittist þarna, svona eins og á krám útí Englandi. Og þegar maður tekur myndir af bensínstöðvum á Íslandi - þá nær maður utan um allan pakkann, nær heildarmynd af bensínstöðvunum."



„Þó að bensínstöðvarnar séu tilbúin hönnun erlendis frá þá er þetta einhvern veginn mjög íslenskt. Kannski bara með því íslenskara sem finnst," segir Spessi. –
MYND: TEITUR

Ekkert líf

Spessi tók myndirnar af bensínstöðvunum nákvæmlega eins og þær koma af kúnni. „Myndirnar eru alltaf teknar þegar ég kem að stöðvunum. Ég var ekkert að pæla í ljósi, hvort það var nótt, dagur, rigning eða snjór. Ég var frekar snöggur að taka myndirnar, tók bara eina hlið og svo var maður náttúrulega orðinn dálítið sjóaður í restina." Þetta fannst honum heiðarlegasta leiðin til að ná svip stöðvanna. „Svo hefði það náttúrulega tekið alveg hrikalega langan tíma... að sofa fyrir utan bensínstöðvar og bíða eftir því að það komi fallegt ljós...," segir hann og glottir út í annað.

- Þú hefur ekkert farið út í það að fara inn í stöðvarnar, mynda fólkið og stemmninguna - eða er það kannski efni í aðra seríu?

„Nei, nei! Ég passaði mig á því að hafa aldrei neitt fólk eða líf á myndunum. Af því ég er að persónugera stöðina sjálfa. Ef það væri komin lifandi manneskja inn á myndina - þá er hún ekki eins hrein."

- Er landshluta/sýslumunur á bensínstöðvum?

„Neihhhh. Ég held ekki."

- Nú eru Reykjavíkurstöðvar líka inní þessu, fannst þér meiri karakter yfir bensínstöðvunum á landsbyggðinni?

„Já. Þær eru nýrri í Reykjavík og eru þá ekki búnar að mótast. Gömul bensínstöð er dálítið eins og gamall maður - þessar nýju eru svo ungar að það er ekki alveg komið í ljós hvað verður um þær."

„Þó að þetta sé tilbúin hönnun erlendis frá þá er þetta einhvern veginn mjög íslenskt. Kannski bara með því íslenskara sem finnst."

— LÓA

LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Miðasala: 462-1400

SYSTUR Í SYNDINNI
eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur



GAMANLEIKUR UM GLÆP

Leikstjórn: Kolbrún Halldórsdóttir
Leikm. og bún.: Elín Edda Árnadóttir
Tónlist: Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson
Leikgervi: Kolfinna Knútsdóttir
Lýsing: Ingvar Björnsson

Leikarar og söngvarar:
Margrét Ákadóttir, Helga Vala Helgadóttir, Katrín Þorkelsdóttir, Aino Freyja Järvelä, Guðmundur Haraldsson, Þráinn Karlsson, Sunna Borg, Aðalsteinn Bergdal, Hjörleifur Hjartarson, Jón St. Kristjánsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Ólafur Guðmundsson, Agnar Jón Egilsson, Michael Jón Clarke, Kristján Hjartarson, Kristjana Arngrímsdóttir og Rósa Kristín Baldursdóttir.



2. sýning
laugard. 20. mars kl. 20.00
3. sýning
föstud. 26. mars kl. 20.00
4. sýning
laugard. 27. mars kl. 20.00
5. sýning
sunnud. 28. mars kl. 20.00

LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Miðasala: 462-1400
Miðasalan er opin þriðjudaga til föstudaga kl. 13-17 og fram að sýningu sýningardaga.